

		19 20. júní	
		Áætlun	Reikningur
		kr.	kr.
	Flutt	9846844 02	26785594 73
15.	Greitt Landsverslun: Tap á kolum og salti samkvæmt lögum nr. 13 og 28, 1919		1487977 54
	Samtals	9846844 02	28273572 27
	Tekjuafgangur		1218218 98
	Alls		29491791 25

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amáluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.

LÖG

um

20
20. júní

rjettindi og skyldur hjóna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hjón skulu hvort öðru trú vera og styðja hvort annað og sameiginlega gæta hagsmuna fjölskyldunnar.

20
20. júní

2. gr.

Skýlt er hjónunum, hvoru eftir getu sinni og svo sem samir hag þeirra, að hjálpast að því að framfæra fjölskylduna með fjárframlögum, vinnu á heimilinu og á annan hátt. Til framfærslu teljast útgjöld til heimilisþarfa og uppeldis barnanna, og enn útgjöld til sjerþarfa hvors hjóna.

3. gr.

Ef útgjöld til sjerþarfa annars hjóna og til framfærslu þeirrar og fyrir-sjár, sem því að öðru leyti eftir venjunni og hag þeirra ber að hafa fyrir fjöl-skyldunni, nema meiru en því er skýlt af hendi að inna samkvæmt 2. gr., þá skal hitt hjónanna gjalda því peningafúlgu, sem með þarf, hæfilega upphæð í hvert skifti. Frá þessu skal þó víkja, ef öðruvísi þarf með að fara, af því að það hjóna, er í hlut á, hefir reynst ófallið til að fara með peninga, eða aðrar sjer-stakar ástæður eru fyrir hendi.

4. gr.

Framlag til sjerþarfa annars hjónanna samkvæmt 2. og 3. gr. verður eign þess.

5. gr.

Nú vanrækir annað hjóna framfærsluskyldu sína að mun, og skal þá eftir kröfu hins gera því að greiða hinu peningafúlgu samkvæmt ákvæðum 3. greinar, eða þar fram yfir, ef það eftir öllum atvikum þykir sanngjarnt.

6. gr.

Nú fara útgjöld þau, er annað hjóna hefir haft á almanaksárinu til fram-færslu fjölskyldunnar, bersýnilega fram úr því, sem því var skýlt að leggja fram samkvæmt 2. gr., og skal þá, komi krafa fram um það, skylda hitt hjón-anna til að greiða þá upphæð, sem ætla má að svari til þess, sem ofgreitt er, nema öðruvísi sje um samið eða telja verður að gert hafi verið ráð fyrir öðru. Krafan verður að koma fram áður ár sje liðið frá lokum almanaksársins.

Bótanna getur að eins það hjónanna krafist, sem greiðsluna hefir lagt fram og því að eins, að þær verði greiddar án tjóns fyrir skuldheimtumenn hins.

7. gr.

Nú hafa hjón slitið samvistir sökum ósamkomulags, og gilda þá ákvæði 2. greinar á samsvarandi hátt. Framlag það, sem annað hjónanna samkvæmt þeim á að greiða til framfærslu hins og barna þeirra, sem hjá því eru, skal, ef þess er krafist, tiltaka í peningum. Það hjóna, sem aðallega á sök á því, að sambúðinni er slitið, getur þó ekki krafist fjárframlags sjer til framfæris, nema sjerstakar ástæður mæli með því.

8. gr.

Pegar þannig er ástatt, sem segir í 7. gr., má, ef krafa kemur fram og að svo miklu leyti sem svara þykir til lífskjara hjónanna og annara ástæðna,

skylda annað þeirra til að láta hitt fá til afnota lausafje það, sem við sam-
búðarslitin var sameiginleg búslóð beggja eða vinnutæki hins.

Nú eru munir, sem eru eign annars hjónanna, samkvæmt þessu fengnir
hinu til afnota, og getur þá eigandinn ekki með samningi við aðra takmarkað
afnotarjett þennan á nokkurn hátt.

Það hjóna, er í hlut á, getur látið afhenda sjer hlutinn til umráða með
fógetagerð.

9. gr.

Valdsmaður ákveður fjárframlag samkvæmt 5. og 7. gr. Nú breytist hag-
ur annars eða beggja að mun, og getur valdsmaður þá, ef annað hjóna krefst
þess, hve nær sem er breytt úrskurði sínum. Valdsmaður gerir einnig fyrirskip-
anir þær, er getur í 6. og 8. gr.

Um innheimtu úrskurðaðra framlaga skal fara eftir þeim ákvæðum, sem
um það eru sett í löggjöfinni. Framlög þau, sem úrskurðuð eru samkvæmt 6. gr.,
má taka lögtaki.

10. gr.

Nú hafa hjón samið um framlög samkvæmt 5., 6., 7. og 8. gr., en sá samn-
ingur er annaðhvort bersýnilega ósanngjarn eða hagur hjónanna breyttur að
mun, og er úrskurðarvaldið þá eigi bundið við þann samning.

11. gr.

Hjónum er skylt að segja hvort öðru til um efnahag sinn, svo að ákvörð-
un verði tekin um framfærsluskyldu þeirra.

12. gr.

Meðan sambúðin varir er hvoru hjónanna um sig heimilt á ábyrgð
beggja að gera þá samninga við aðra, sem nauðsynlegir eru vegna heimilis-
þarfa eða barnanna og vanalegt er að gera í þeim tilgangi. Slíkt hið sama gildir
um samninga konunnar vegna sjerþarfa hennar. Samningar þeir, er hjer um
ræðir, teljast gerðir á ábyrgð beggja hjóna, nema atvik segi öðruvísi til.

Ef sá, er samdi við annað hjóna, vissi eða átti að sjá, að því var eigi
brýn þörf á því, er um var samið, þá er hitt hjónanna eigi bundið við samn-
inginn.

13. gr.

Nú misbeitir annað hjóna rjetti þeim, sem það hefir samkvæmt 12. gr.,
og getur valdsmaður þá eftir kröfu hins sviðt það rjettinum. Veita skal því
hann þó aftur, verði hjónin ásátt um það eða kringumstæður breytast.

Úrskurður valdsmanns gildir ekki gagnvart þeim, sem ókunnugt er um
hann, nema úrskurðurinn hafi verið skráður í kaupmálabókina samkvæmt regl-
um í IX. kafla laga þessara.

20

20. júní

14. gr.

Nú getur annað hjóna meðan sambúðin varir, vegna fjarveru eða veikinda, eigi gætt hagsmuna sinna, og er hinu þá heimilt, sje það ekki falið öðrum, að framkvæma fyrir þess hönd það, sem þolir eigi bið. Það getur þannig innheimt tekjur hins og jafnvel selt eða veðsett eignir þess, sje ekki hjá því hægt að komast til þess að framfleyta heimilinu. Fasteign má þó eigi selja eða veðsetja nema samþykki valdmanns komi til.

15. gr.

Nú er lausafje, sem er sjereign annars hjóna, með samþykki þess notað við atvinnurekstur hins, og eru þá samningar nothafa við þriðja mann um muni þessa gildir gagnvart eiganda munanna, nema samningsaðili nothafa sæi eða ætti að sjá, að nothafa var óheimilt að gera samninginn.

II. KAFLI.

Um foreldravalld.

16. gr.

Um foreldravalld hjóna, sem eru samvistum eða hafa slitið samvistir án þess að hafa fengið leyfi til þess, fer samkvæmt 20. og 21. gr. laga nr. 57, 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

En um foreldravalld hjóna, skilinna að borði og sæng og lögskilinna, fer eftir 56., sbr. 58., og 76., sbr. 78. gr. laga nr. 39, 27. júní 1921, um stofnun og slit hjúskapar.

III. KAFLI.

Um fjármál hjóna.

17. gr.

Hvort hjóna um sig öðlast hjúskaparrjett yfir öllu því, sem hitt á við gift-inguna eða eignast síðar, að svo miklu leyti sem það er ekki sjereign. Fjármunir þeir, sem hjúskaparrjettur annars nær til, er hjúskapareign hins.

Nú á annað hjóna rjettindi, sem eigi má afhenda eða eru að öðru leyti persónulegs eðlis, og koma þá reglurnar um hjúskapareign að svo miklu leyti til framkvæmda, sem þær fara eigi í bága við sjerreglur þær, sem um þau rjettindi gilda.

18. gr.

Hvort hjónanna ræður hjúskapareign sinni með þeim takmörkunum, sem til eru teknar í 19.—22. gr.

Nú er hjúskapnum eða fjárfjelagi hjónanna slitið, eða þau skilin að
borði og sæng, og getur þá hvort þeirra eða erfingjar þess krafist helmings
af hreinni hjúskapareign beggja hjóna, þó með þeim undantekningum, sem
lögin ákveða. 20
20. júní

19. gr.

Hvort hjónanna um sig er skylt að fara svo með hjúskapareign sína,
að hinu verði eigi til tjóns vegna óhæfilegra athafna þess.

20. gr.

Hvorugu hjóna um sig er heimilt, án samþykkis hins, að afhenda eða
veðsetja fasteign úr hjúskapareign sinni, búi fjölskyldan á eigninni eða sje
eignin notuð við atvinnurekstur beggja hjóna eða hins. Slíka eign má heldur
eigi leigja eða byggja, nema samþykki hins komi til, ef það leiðir til þess að
eignin verði eigi framvegis nothæf til bústaðar beggja eða til atvinnurekstrar
hins. Sje það hjóna, er í hlut á, ólögráða, þarf samþykki lögráðamanns, eða
sje hitt hjóna lögráðamaður þess, þá samþykki sjerstaks lögráðamanns. Nú er
eigi hægt að fá umsögn hins hjónanna án verulegra erfiðleika eða mikils
dráttar, og getur þá lögráðamaður veitt samþykkið, sje hann til, en ella valds-
maður.

Nú hefir annað hjóna gert slíkan samning án áskilins samþykkis, og
getur þá hitt fengið samningnum hrundið með dómi, hafi samningsaðilja fyr-
nefnds hjóna verið eða átt að vera það ljóst, að því var samningurinn óheim-
ill. Mál verður þó að höfða innan 6 mánaða frá því, að því hjóna, er brotið
var móti, varð kunnugt um samninginn, og í síðasta lagi áður ár er liðið frá
þinglestri samningsins.

21. gr.

Hvorugt hjóna má, án samþykkis hins, afhenda eða veðsetja lausafje
úr hjúskapareign sinni, teljist fjeð til búsgagna á sameiginlegu heimili hjón-
anna, til nauðsynlegra vinnutækja hins eða sje notað til þarfa barnanna. Sam-
þykki þess hjóna, er í hlut á, er gilt, þótt það sje ófjárráða eða swift fjárræði,
sje það eigi geðveikt eða hálfviti. Þegar þannig stendur á eða sje það veru-
legum erfiðleikum bundið eða valdi það löngum drætti, að ná samþykki hins
hjónanna, þarf eigi að leita þess.

Nú hefir annað hjóna gert slíkan samning án áskilins samþykkis, og
getur þá hitt fengið honum hrundið með dómi, nema samningsaðili, kaup-
andi eða veðhafi, væri grandalaus. Mál verður þó að höfða innan 6 mánaða
frá því hitt hjónanna fjeð vitneskju um samninginn og í síðasta lagi áður
en ár er liðið frá því að hluturinn var afhentur eða samningurinn um lausa-
fjárveðsetninguna þinglesinn.

22. gr.

Nú neitar það hjóna, er í hlut á, eða lögráðamaður þess, þegar svo
stendur á sem segir í 20. og 21. gr., að veita samþykki sitt, og getur valds-

20 maður þá, komi krafa fram um það, samþykkt samningsgerðina, hafi nægar
20. júní ástæður eigi verið til neitunarinnar.

23. gr.

Sjereign er:

- 1) Alt það, sem gjört er að sjereign með kaupmála.
- 2) Gjafir, sem gefnar eru öðru hjónanna með því skilyrði, að þær skuli vera sjereign, svo og arfur, enda þótt skylduarfur sje, hafi arfleifandi sett slíkt ákvæði í erfðaskrá.
- 3) Það, sem kemur í stað hluta þeirra, sem nefndir eru í 1 og 2, nema öðruvísi sje ákveðið svo gilt sje.

Tekjur af sjereign eru hjúskapareign, nema öðruvísi sje löglega ákveðið.

24. gr.

Hvort hjónanna um sig getur krafist þess, að hitt taki þátt í samningu skrár um hjúskapareign og sjereign beggja. Dómstólarnir skera úr því, eftir öllum atvikum, hvert sönnunargildi skráin hefir.

IV. KAFLI.

Um ábyrgð á skuldum.

25. gr.

Hvort hjónanna um sig ber, bæði með hjúskapar- og sjereign sinni, ábyrgð á skuldbindingum þeim, sem á því hvíla, hvort sem þær eru stofnaðar á undan hjónabandinu eða meðan það stendur.

26. gr.

Kröfur á hendur konunni, þeirrar tegundar, sem getur í 12. gr., fýrnast á tveimur árum, beri maðurinn jafnframt ábyrgð á þeim.

27. gr.

Nú er fjárfjelagi hjóna slitið, þau skilin að borði og sæng eða hjónabandinu algjörlega slitið, og er þá ekki hægt að krefja konuna um meira til greiðslu þess konar skulda, sem getur í 26. gr., en sjereign hennar og hjúskapareign námu er skifti fóru fram, að frádregnum öðrum skuldum, er þá hvíldu á henni.

28. gr.

Ákvæðin í 26. og 27. gr. koma eigi til greina, hafi konan tekið á sig víðtækari ábyrgð.

V. KAFLI.

20
20. júní*Um kaupmála og aðra gerninga hjóna í milli.*

29. gr.

Með kaupmála, sem gerður er á undan hjónabandi eða meðan það stendur, geta aðiljar ákveðið að munir, sem annað hjóna á eða eignast kann og annars yrðu hjúskapareign, skuli vera sjereign þess. Sömuleiðis er hjónum heimilt, að svo miklu leyti sem það fer ekki í bága við ákvarðanir arfleifanda eða gefanda, að ákveða að sjereign skuli vera hjúskapareign.

30. gr.

Gjafir milli hjónaefna, sem viðtakandi á að fá við giftinguna, og gjafir hjóna í milli, eru því aðeins gildar, að um þær sje gerður kaupmáli.

Þetta tekur þó eigi til venjulegra gjafa, sjeu þær eigi um hóf fram, miðað við efni gefanda, og heldur eigi til slíkrar gjafa sem lífsábyrgðar, lífeyris eða þvílíkra framfærslutrygginga af hendi annars hjóna til handa hinu.

Með kaupmála er eigi hægt að ákveða svo gilt sje, nje heldur á annan hátt, að það, sem annað hjónanna framvegis kann að eignast, skuli endurgjaldslaust verða eign hins.

31. gr.

Nú hefir annað hjóna haft tekjuafgang á umliðnu almanaksári, og getur það þá þar til næsta ár er á enda afsalað hinu endurgjaldslaust helminginn af tekjuafganginum án þess að til þess þurfi kaupmála. Afsalið er þó því aðeins gilt gagnvart skuldheimtumönnum afsala, að hann hafi tiltekið í skjali, er af honum sje undirritað, upphæð tekjuafgangsins, enda leiki enginn vafi á um það, að hann hafi haldið eftir nægilegum eignum til greiðslu allra skuldbindinga sinna.

32. gr.

Nú hafa hjón, án kaupmála, komið sjer saman um afhending eignar annars til hins, og er sá samningur þá því aðeins gildur gagnvart skuldheimtumönnum þess, er afhenti, að kaupmála þurfi eigi til slíkrar ráðstöfunar.

33. gr.

Nú hefir annað hjóna gefið hinu gjöf, og getur þá sá, er þá átti kröfu á hendur gefanda, gengið að hinu hjónanna meðan gjöfin eða verð hennar hrekkur til, nema það sannist, að gefandi hafi haldið eftir áreiðanlega nógum eignum til greiðslu skuldbindinga sinna. Hafi að einhverju leyti komið endurgjald fyrir gjöfina, dregst það frá verði hennar. Hitt hjónanna er þó laust úr allri ábyrgð, sanni það, að munir þeir, sem um er að ræða, hafi farið forgörðum án þess því verði um kent,

20 Akvæði greinar þessarar taka ekki til gjafa þeirra, er getur í 2. mäs-
20. júní gr. 30. gr.

34. gr.

Það hjónanna, sem veitir hinu aðstoð við atvinnurekstur þess, getur, þótt eigi sje svo um samið, krafist hæfilegrar borgunar fyrir vinnu sína, þegar það, eftir tegund vinnunnar og öðrum atvikum, virðist sanngjarnt að borgun sje greidd. Þó fyrnist sú krafa á 1 ári.

35. gr.

Nú hefir annað hjóna falið hinu stjórn eigna sinna eða nokkurs hluta þeirra, og er hinu — nema öðruvísi sje um samið eða annað ráðgert — þá heimilt, innan hæfilegra takmarka, að nota tekjurnar til framfærslu fjölskyldunnar, án þess að þurfa að gera sjerstök reikningsskil fyrir. Slíkt umboð er afturtækt hvenær sem er.

36. gr.

Um samkomulag hjóna um framfærsluskýldu og samninga, sem gerðir eru með skilnað að borði og sæng eða algerðan skilnað fyrir augum, gilda þau ákvæði, sem um það eru sjerstaklega sett.

37. gr.

Kaupmálar skulu vera skriflegir og undirritaðir af aðiljum. Nú er annarhvor aðili ólögráða, og þarf þá einnig undirskrift lögráðamanns.

38. gr.

Til þess að kaupmáli sje gildur, verður að skrá hann í kaupmálabókina samkvæmt reglum þeim, sem settar eru í IX. kafla.

VI. KAFLI.

Um slít á fjárfjelagi.

39. gr.

Hvort hjóna um sig getur krafist að fjárfjelagi sje slitið:

- 1) Þegar hitt hjónanna með vangæslu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum yfir hjúskapareign sinni eða með annari óhæfilegri framkomu rýrir hjúskapareign sína eða gefur tilefni til ótta um að svo muni fara.
- 2) Þegar bú hins hjónanna er tekið til gjaldprotaskifta.

40. gr.

Nú eru hjón sammála um að krefjast slita á fjárfjelagi, og á þá að gera skriflega kröfu um það til skiftarjettarins á þeim stað, sem bóndi er bú-

settur eða dvelur. Skiftarjetturinn tekur slíka beiðni til greina með úrskurði svo fljótt sem unt er.

20
20. júní

41. gr.

Nú krefst annað hjóna slita á fjárfjelagi, og á þá að stíla þá kröfu til skiftarjettarins á þeim stað, þar sem hitt býr eða dvelur. Sje ókunnugt um bústað þess eða dvalarstað, stílast krafan til skiftarjettarins á þeim stað, þar sem það síðast átti heima eða dvaldi svo kunnugt sje.

Umsókninni skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, fylgja skrifleg sönnunargögn fyrir ástæðum þeim, sem krafan um slitin á fjárfjelaginu er byggð á. Nú þykir þörf ítarlegri sannana, og skal skiftarjetturinn þá benda umsækjanda á það og getur skorað á hann að útvega frekari sannanir.

Verði því við komið, skal veita hinu hjónanna tækifæri til þess að koma fram með álit sitt um fjárslitakröfuna, og getur skiftarjetturinn í því skyni kallað það fyrir sig. Nú neitar það hjóna að láta álit sitt í ljós, eða sækir ekki boðaðan fund án gildra forfalla, og má þá líta svo á, að það treystist eigi til að mótmæla greinargerð beiðandans. Nú á það hjóna eigi heimili eða dvalarstað hjer á landi svo að kunnugt sje um, og getur skiftarjetturinn þá skipað valinkunnan mann, sem, ef kostur er á, skal vera ættingi eða vinur þess hjóna, til þess að gefa skýrslu fyrir þess hönd áður en úrskurður er upp kveðinn.

42. gr.

Þegar svo stendur á, sem segir í 41. gr., úrskurðar skiftarjetturinn eftir skýrslum þeim og sönnunargögnum, sem fyrir liggja, hvort krafan um slit á fjárfjelagi skuli til greina tekin eða eigi.

Ákvörðun skiftarjettarins má áfrýja til æðri rjettar samkvæmt reglum þeim, sem settar eru um áfrýjun skiftarjettarúrskurða.

Nú úrskurðar skiftarjettur, að slit á fjárfjelagi skuli fram fara, og verður framkvæmd þess úrskurðar þá ekki tafir með áfrýjun hans. Þó getur hvorugt hjónanna krafist greiðslu á hluta sínum úr hjúskapareign hins fyrir en málið er endanlega til lykta leitt.

43. gr.

Nú er krafa um slit á fjárfjelagi tekin til greina, og skiftist þá hjúskapareign beggja hjóna milli þeirra samkvæmt 6. kap. skiftalaganna frá 12. apríl 1878 og VII. kafla laga þessara. Meðan á skiftum stendur, heldur hvort hjónanna yfirráðum yfir hjúskapareign sinni, nema 2. liður 63. gr. skiftalaganna komi til framkvæmda, en er skylt að gjöra skiftarjettinum reikningsskil fyrir stjórn sinni frá þeim tíma, er krafan um slit á fjárfjelagi kom fram.

Þegar eftir að krafa um slit á fjárfjelagi hefir verið afhent skiftarjettinum, er heimilt að beita 2. lið 63. gr., sbr. 57. gr., skiftalaganna.

20

20. júní

44. gr.

Það, sem öðru hjóna hlotnast við skiftin eða það eignast eftir að krafa um slit á fjárfjelagi er fram komin, verður sjereign þess.

45. gr.

Skiftarjettinum ber að sjá um, að hin framkomna krafa um slit á fjárfjelagi sje tilkynt til skrásetningar í kaupmálabókina.

46. gr.

Fyrir meðferð á kröfu um slit á fjárfjelagi og skrásetning hennar í kaupmálabókina skal gjalda alls 10 kr. í ríkissjóð um leið og krafan er afhent.

VII. KAFLI.

Um skifti.

47. gr.

Nú eiga skifti fram að fara vegna dauða annars hjóna, og fer þá um uppgerð og skifti hjúskapar- og sjereignar hins látna eftir þeim reglum, sem settar eru um meðferð venjulegra dánarbúa. Hjúskapareign þess hjónanna, sem eftir lifir, skiftist aftur á móti eftir þeim reglum, sem settar eru í 5. kap. skiftalaganna, og eigi það sjereign, á að draga hana undir skiftin, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til þess að fullnægja reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla.

Þegar skiftarjetturinn skiftir með hjónum, sem bæði eru á lífi, ber að halda hjúskapareign hvors hjónanna aðgreindri og fara eftir reglum í 6. kap. skiftalaganna, þannig, að hvort hjónanna um sig hefir þá aðstöðu, sem bónda er veitt með 63.—68. gr. skiftalaganna. Eigi hjónin einnig sjereign, ber sömu-leiðis að draga hana undir skiftin, að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til þess að fullnægja reglum þeim, sem settar eru í þessum kafla.

48. gr.

Við skiftin skal hvoru hjónanna úthlutað svo miklu af hjúskapareign sinni, að það nægi til greiðslu skuldbindinga þeirra, sem á því hvíldu þegar krafan um slit á fjárfjelagi kom fram, þegar hjónin skildu að borði og sæng eða þegar hjónabandinu var slitið, þar á meðal til greiðslu hluta þess af sameiginlegum skuldbindingum hjónanna, hafi sjerstakir fjármunir eigi verið teknir frá til greiðslu þeirra samkvæmt 57. gr.

Skuldir, sem annað hjóna hefir bakað sjer með vanhirðu á fjármálum sínum eða með annari óhæfilegri aðferð, eða skuldir, sem það hefir stofnað til þess að eignast eða bæta sjereign eða rjettindi þau, sem getur í 2. málsg. 17. gr. og haldið er utan skiftanna, er því aðeins hægt að krefjast greiðslu á af hjúskapareign þess hjóna, að önnur efni þess hrökkvi ekki til greiðslu þeirra.

Ervingjar þess hjóna, sem látið er, hafa einnig rjettindi þau, er ræðir **20**
um í 1. málsg. greinar þessarar. **20. júní**

49. gr.

Afgangur sá af hjúskapareign hvors hjónanna, sem fram kemur við uppgjörð þá, er fram fer samkvæmt 48. gr., skiftist jafnt á milli hjónanna, að svo miklu leyti sem annað leiðir eigi af ákvæðum 54. gr. laga um stofnum og slit hjúskapar eða af reglum þeim, sem settar eru hjer á eftir.

50. gr.

Hvoru hjónanna um sig er heimilt, og sje annað dáíð, þá því, sem eftir lifir, að taka af óskiftu muni, sem aðeins eru ætlaðir því til notkunar, enda sje verð þeirra eigi óhæfilega hátt, borið saman við efnahag hjónanna.

51. gr.

Nú hefir öðru hjóna verið lagt fje af hjúskapareign þess til greiðslu skulda þeirra, er getur í 2. málsg. 48. gr., og getur þá hitt hjónanna eða erfingjar þess krafist endurgjalds fyrir það af hjúskapareign beggja hjónanna, eins og hún verður þegar allar skuldir eru frá dregnar.

52. gr.

Nú hefir annað hjóna að verulegum mun rýrt hjúskapareign sína með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á ráðum sínum yfir hjúskapareigninni eða annari óhæfilegri aðferð, og getur þá hitt hjónanna eða erfingjar þess krafist endurgjalds af hjúskapareign beggja, þegar skifti fara fram, eins og hún verður að frádregnum skuldum. — Hrökkvi hún eigi, má heimta helminginn af því, sem eftir verður, greiddan af þeim efnum þess brotlega, sem eru í sjereign þess og ekki þarf til greiðslu annara skulda þess.

53. gr.

Sama rjett til endurgjalds og þann, er felst í 52. gr., hefir og hvort hjóna um sig, svo og erfingjar þess, ef hitt hjónanna hefir varið fje af hjúskapareign sinni til þess að öðlast eða bæta sjereign eða rjettindi þau, sem getur í 2. málsg. 17. gr. og eigi koma undir skiftin.

54. gr.

Nú hefir annað hjóna notað fjármuni af sjereign sinni í þarfir hjúskapareignar sinnar, og getur það eða erfingjar þess, þegar skifti fara fram, þá krafist endurgjalds fyrir það af hjúskapareigninni, eins og hún verður að frádregnum skuldum.

55. gr.

Nú hefir við skiftin eigi fengist full greiðsla á endurgjaldskröfum samkvæmt 51.—54. gr., og er þá eigi síðar hægt að krefjast þess, sem eftir stendur.

20

20. júní

56. gr.

Nú eru fallnar í gjalddaga batur, sem dæmdar hafa verið öðru hjóna samkvæmt 74. gr. laga um stofnun og slit hjúskapar, og má þá krefja greiðslu, þegar skifti fara fram, af því, sem hinu seka hlotnast við skiftin og eigi gengur til greiðslu annara skulda, sem á því hvíla.

57. gr.

Nú koma fram skuldir, sem bæði hjónin bera ábyrgð á, og getur þá hvort þeirra sem er krafist, að hitt greiði þann hluta skuldanna, sem að lokum á að lenda á því, eða að það setji tryggingu fyrir borguninni eða að fjármunir sjeu teknir frá til greiðslu þeirra.

58. gr.

Nú er annað hjóna dáið og fjármunir búsins lítils virði, og getur þá það þeirra, sem eftir lifir, tekið af hjúskapareign beggja nauðsynleg búsgögn, verkfæri og aðra lausa muni, að svo miklu leyti sem það verður talið nauðsynlegt til þess að það geti haldið áfram atvinnu sinni. Þetta gildir, þó að verðgreindra muna fari fram úr lögmaeltum hluta þess í hjúskapareignunum.

59. gr.

Auk heimildar þeirrar, sem hjónum er veitt í 2. málsg. 59. gr. og 64. gr. skiftalaganna til þess að krefjast ákveðinna muna við skiftin, getur hvort hjónanna sem er, eða þegar annað er dáið, þá það, sem eftir lifir, krafist að fá hlut sinn í hjúskapareignunum greiddan eftir virðingu í lausafje því, sem því er nauðsynlegt til þess að geta haldið áfram atvinnu sinni.

60. gr.

Nú hefir annað hjóna við skiftin gefið eftir nokkuð af sínum hluta í hjúskapareign sinni eða hins, og geta skuldheimtumenn þess — sje það eigi alveg vafalaust, að það hafi haft nægilega fjármuni, þegar úthlutunin fór fram, til þess að fullnægja þáverandi skuldheimtumönnum sínum — þá gengið að hinu hjónanna að sama skapi sem það hefir fengið fje fram yfir búshluta sinn.

VIII. KAFLI.

Um óskift bú.

61. gr.

Eftir dauða annars hjónanna er hinu heimilt, án þess að skifti fari fram milli þess og sameiginlegra ófjárráða arfgengra niðja beggja, að taka við ráðum yfir hjúskapareign beggja, nema hið látna hafi með erfðaskrá meinað því setu í óskiftu búi.

Nú lætur hið látna eftir sig ófjárráða börn, sem eru eigi börn hins, og getur valdsmaður þá veitt því hjónanna, sem eftir lifir, rjett til setu í óskiftu búi. Það skal þó yfirleitt því aðeins gert, að telja megi það börnunum í hag, að búið haldist óskift. 20
20. júní

62. gr.

Nú er hið eftirlifandi hjóna gjaldþrota eða það kemur í ljós, að eignir þess hrökkva eigi fyrir skuldum, eða það með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting á valdi sínu yfir hjúskapareigninni eða með annari óhæfilegri aðferð hefir rýrt hjúskapareignina að verulegum mun, eða á sök á því, að hætt er við slíkri rýrnun, og verður því þá eigi heimiluð seta í óskiftu búi.

63. gr.

Sá, sem óskar að sitja í óskiftu búi, skal sem fyrst eftir látið tilkynna valdsmanni það, og skal tilkynningu þeirri fylgja lauslegt yfirlit yfir eignir þess og skuldir og skýrsla um nöfn barnanna, aldur og dvalarstað.

Nú eru erfingjarnir ófjárráða eða fjarverandi, og skipar valdsmaður þeim þá lögráðamann til þess að gæta hagsmuna þeirra út af kröfunni um setu í óskiftu búi. Lögráðamann þarf eigi að skipa, fari eignirnar, að álitni valdsmanns, eigi fram úr því, sem með þarf til framfærslu beiðanda og barna.

Nú kemst valdsmaður að þeirri niðurstöðu, að skilyrði fyrir setu í óskiftu búi sjeu fyrir hendi, og lætur hann beiðanda þá í tje skilríki fyrir því.

64. gr.

Það hjóna, sem situr í óskiftu búi, skal afhenda valdsmanni skýrslu um eignir og skuldir búsins áður en misseri er liðið frá láti hins. Skýrslu þessa skal gefa að viðlögðum drengskap. Sýna skal hana áður börnunum eða lögráðamanni þeirra.

65. gr.

Hinu óskifta búi hlotnast, auk hjúskapareignar þeirrar, er bæði hjónin áður áttu, alt það, sem hið eftirlifandi hjóna síðar eignast, svo framarlega sem það hefði orðið hjúskapareign þess, ef það hefði eignast það meðan hjónabandið stóð.

Arfur eða gjöf, sem hinu eftirlifandi hlotnast, rennur þó eigi inn í hið óskifta bú, svo framarlega sem það krefst skifta áður 2 mánuðir eru liðnir frá því það fjekk vitneskju um arfinn eða gjöfina.

66. gr.

Hið eftirlifandi hjóna hefir eignarráð yfir fjármunum búsins.

Nú gefur það gjöf úr búinu, sem er óhæfilega há, miðað við efnahag búsins, og getur þá hver erfingjanna, innan árs frá því gefið var, höfðað mál

20 til ógildingar gjöfinni, ef viðtakandi sá eða átti að sjá, að gefandanum vær
20. júní gerningurinn óheimill. Ákvæði þetta gildir þó því aðeins, að búið sje tekið
til skiftameðferðar.

67. gr.

Það hjónanna, sem eftir lifir, ber ábyrgð bæði á eigin skuldum sínum
og skuldum þeim, sem hvíldu á hinu látna.

Hinu eftirlifandi hjóna er heimilt að innkalla skuldheimtumenn hins
látna samkvæmt ákvæðum þeim, sem sett eru í opnu brjefi 4. janúar 1861.

68. gr.

Hið eftirlifandi hjóna getur með erfðaskrá aðeins ráðið yfir sínum
hluta úr búinu.

69. gr.

Nú situr annað hjóna í óskiftu búi, og fer þá um erfðarjett þess eftir
það hjónanna, sem dáið er, eftir almennum reglum, nema skifti fari fram að
báðum hjónunum látnum, því að þá fellur niður lögmæltur erfðarjettur eftir
það þeirra, sem fyr ljest.

70. gr.

Það hjónanna, sem eftir lifir, getur hvenær sem er krafist skifta.

Nú gengur hið eftirlifandi hjóna í nýtt hjónaband, og fellur þá niður
rjettur þess til setu í óskiftu búi.

71. gr.

Nú situr hið eftirlifandi hjóna í óskiftu búi með ófjárráða börnum
samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í 61. gr., og er því þá skylt að skifta
með þeim og sjer, er eitt barnanna eða fleiri verða fjárráða og krefjast skifta.

72. gr.

Nú vanrækir það hjóna, sem eftir lifir, framfærsluskyldu sína eða rýrir
efni búsins að verulegum mun með vanhirðu á fjármálum sínum, misbeiting
á ráðum sínum yfir búinu eða með annari óhæfilegri aðferð, eða það gefur
tilefni til að óttast megi slíka rýrnun, og getur þá hver fjárráða erfingi, eða
lögráðamaður ófjárráða erfingja, er skipa skal samkvæmt 63. gr., krafist búskifta.

73. gr.

Eringjar látins erfingja geta krafist skifta á búinu með sömu skilyrð-
um og hinn látni erfingi.

Skuldheimtumenn erfingja geta eigi krafist búskifta.

74. gr.

20

Erfingi má eigi afsala, veðsetja eða á annan hátt afhenda hluta sinn í 20. júní óskiftu búi, og eigi geta heldur skuldheimtumenn hans leitað fullnustu í honum.

75. gr.

Við skifti milli þess hjónanna, sem lengur lifir, og erfingja hins látna koma hinar venjulegu skiftareglur til framkvæmda á samsvarandi hátt.

76. gr.

Ákvörðunum, sem valdsmaður tekur samkvæmt þessum kafla, má skjóta til stjórnarráðs. Slíkt málsskot hindrar eigi framkvæmd á skiftameðferð, sem ákveðin er af skiftarjettinum með úrskurði.

77. gr.

Það hjóna, sem eftir lifir, getur, auk heimildar 61. gr., setið í óskiftu búi samkvæmt reglum þeim, sem settar eru hjer að framan, ef niðjar eða stjúpbörn samþykkja.

IX. KAFLI.

Um skrásetning kaupmála.

78. gr.

Valdsmaður heldur:

- 1) Dagbók yfir tilkynningar á kaupmálum til skrásetningar, og skal jafnskjótt og kaupmáli er afhentur til skrásetningar skrá kaupmálann í þá bók í rjettri töluröð. Valdsmaður undirskrifar í hvert skifti það, sem bókað er.
- 2) Kaupmálabók með nafnaskrá, og skal skrá í hana alla kaupmála, sem afhentir eru til skráningar, orði til orðs og eftir aldri.

Nánari reglur um fyrirkomulag og hald bóka þessara setur dómsmálaráðherra.

79. gr.

Þegar kaupmálinn hefir verið skráður í kaupmálabókina, er rituð á hann athugasemd um innritunina og tilkynningardag.

80. gr.

Gildi skrásetningar telst frá tilkynningardegi þeim, er dagbókin greinir.

81. gr.

Gjöld þau, er nú skal greiða við þinglestur á kaupmálum, skal framvegis greiða um leið og krafa er gerð um innritun skjalsins.

20

20. júní

82. gr.

Skrásetning kaupmálans, sem hvort hjónanna um sig getur krafist, á fram að fara við varnarþing bóndans. Nú á hann ekkert varnarþing hjer á landi, og kemur þá bæjarþing Reykjavíkur í þess stað. Ekki þarf að skrá kaupmála af nýju, þótt hjónin flytjist í annað lögsagnarumdæmi.

83. gr.

Dómsmálaráðuneytið sjer um, að haldin sje í einu lagi skrá yfir alla innritaða kaupmála. Valdsmanni ber því, þegar kaupmáli er innritaður, að senda viðkomandi skrifstofu tilkynningu um, að kaupmáli sje gerður, og tilgreini stöðu, nafn og heimili aðilja og innritunardag kaupmálans.

Hver sem er getur, komi hann fram með skriflega beiðni um það, er tilgreini nöfn aðilja og ef unt er stöðu þeirra, gegn 1 kr. gjaldi, fengið upplýsingar úr skrá þessari, um hvort kaupmáli sje gerður, og ef svo er, hvar og hvenær hann sje innritaður.

Nánari ákvæði um fyrirkomulag og innihald skrár þessarar setur dómsmálaráðherra. Í lok hvers mánaðar skal auglýsa í Lögbirtingablaðinu það, sem í þeim mánuði hefir verið tekið í skrána. Til að standa straum af þeim útgjöldum, greiðist 1 kr. við skráning kaupmálans.

84. gr.

Samsvarandi ákvæði þeim, sem sett eru í 78.—83. gr., gilda um tilkynningar skráðar samkvæmt 13. og 46. gr.

X. KAFLI.

Ýms ákvæði.

85. gr.

Nú er annað hjóna sviðt fjárræði, og hefir þá hitt hjónanna, ef það er fjárráða, ásamt lögráðamanni forræði fyrir hjúskapareign hins fjárræðissviðta.

86. gr.

Nú getur annað hjóna, sakir fjarveru eða veikinda, eigi gætt hagsmuna sinna, og má þá skipa því lögráðamann, til þess til bráðabirgða að annast hagsmuni þess, og koma þá ákvæðin í 14. gr. eigi til greina.

87. gr.

Nú átti það hjóna, er látið er, arfgengt afkvæmi á lífi, og erfir þá það hjónanna, sem eftir lifir, $\frac{1}{4}$ af eignum þeim, sem hið látna ljet eftir sig.

Erfðarjett þennan er eigi hægt að takmarka með erfðaskrárákvæðum fram yfir það, sem leiðir af 22. gr. tilskipunar 25. sept. 1850. 20
20. júní

88. gr.

Nú átti hið látna eigi arfgengt afkvæmi á lífi, og erfir það hjónanna, sem eftir lifir, þá helminginn af eignum þess, ef faðir hins látna, móðir, systkin eða afkomendur þeirra eru á lífi; ella erfir það allar eigur hins látna.

Hvort hjónanna um sig getur með erfðaskrá lækkað erfðarjett hins eftir sig ofan í $\frac{1}{3}$ af eignum sínum.

89. gr.

Erfðarjettur hjóna fellur burtu við skilnað að borði og sæng og algerðan hjónaskilnað.

XI. KAFLI.

Ákvæði til bráðabirgða.

90. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1924. Þó taka 12. og 13. gr. og önnur efnisákvæði laganna um fjárhagslega afstöðu hjóna hvors til annars og gagnvart þriðja manni eigi til þeirra hjóna, sem gengið hafa í hjónaband fyrir þann tíma og búa við venjulegt helmingafjelag, nema hjónin hafi gert slíka skipun um fjármál sín með kaupmála og látið birta hann lögum samkvæmt.

91. gr.

Nú gera lög ráð fyrir helmingafjelagi hjóna, og skulu þau þá koma til framkvæmda á samsvarandi hátt, sje hjúskapareign með hjónunum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amáluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.